Reykjavík, 29. október 2026
FAS26100009

Borgarráð

Tillaga um gjalddaga fasteignaskatta og lóðarleigu 2027

Lagt er til að gjalddagaskipting fasteignagjalda fyrir árið 2027 verði eftirfarandi:

Greiðendur fasteignagjalda skulu gera skil á fasteignagjöldum ársins 2027 með 11 jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum:

30. janúar, 2. mars, 3. apríl, 2. maí, 1. júní, 4. júlí, 2. ágúst, 1. september, 2. október,

1. nóvember og 4. desember

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með einum gjalddaga þann 30. janúar.

Lagt er til að gjalddagar krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 1. nóvember, 4. desember og 2. janúar

Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 4. nóvember 2027.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Tillagan er í samræmi við gjalddagaskipan á árinu 2026.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Reykjavík